

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun heimilísúrgangs í Mosfellsbæ.

#### 1. gr.

Innheimt er gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá heimilum í Mosfellsbæ eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Gjöldin samanstanda af breytilegum og föstum kostnaði vegna hirðu og losunar sveitarfélagsins og er ætlað að standa undir öllum kostnaði tengdum meðhöndlun heimilísúrgangs.

Breytilegt gjald, byggt á lítrafjölda hvers íláts, er ætlað að standa undir kostnaði við hirðu, förgun og annan kostnað í tengslum við sorphirðuna.

Fast gjald er gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva sem er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

#### 3. gr.

#### Gjald fyrir blandaðan úrgang – hirðutiðni á 14 daga fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
1B	240 l tunna	54.477
1D	360 l tunna	81.716
1E	660 l kar	149.812
1F	2.500 l djúpgámur	453.976
1G	4.000 l djúpgámur	907.952
1H	5.000 l djúpgámur	1.134.940

#### Gjald fyrir matarleifar (lífúrgang) - hirðutiðni á 14 daga fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
2A	140 l tunna	17.217
2F	2.500 l djúpgámur	245.953

#### Gjald fyrir tvískipta tunnu blandaðs úrgangs og matarleifa - hirðutiðni á 14 daga fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
3C	240 l tvískipt tunna	44.492

#### Gjald fyrir pappír/pappa - hirðutiðni á 21 dags fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
4B	240 l tunna	6.692
4D	360 l tunna	10.039
4E	660 l kar	18.404
4F	2.000 l djúpgámur	55.770
4G	4.000 l djúpgámur	111.540
4H	5.000 l djúpgámur	139.425

#### Gjald fyrir plastumbúðir - hirðutiðni á 21 dags fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
5B	240 l tunna	6.986
5D	360 l tunna	10.480
5E	660 l kar	19.213
5F	2.000 l djúpgámur	58.220
5G	4.000 l djúpgámur	116.440
5H	5.000 l djúpgámur	145.550

#### Gjald fyrir tvískipta tunnu pappír/pappa og plastumbúðir\* - hirðutiðni á 21 dags fresti

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund íláta</i>	<i>Gjald kr./ílát á ári</i>
6C	240 l tvískipt tunna	6.810

*\*Ath. aðeins í boði fyrir fámenn sérbyli (1-2 íbúa)*

**Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva**

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Fast gjald kr. á íbúð</i>
7	Rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva	22.729

**Aðrir gjaldaliðir**

**Umsýslugjald við breytta samsetningu íláta**

<i>Gjaldaflokkur nr.</i>	<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald kr./skipti</i>
8	Við breytingar á samsetningu íláta vegna sorphirðu	3.300

4. gr.

Aukalosun er á ábyrgð heimilanna. Íbúum er bent á að leita til þjónustuaðila ef óskað er eftir losun á milli sorphirðudaga.

5. gr.

Í fjöleignarhúsum, með sameiginleg ílát fyrir úrgang, er gjöldum vegna meðhöndlunar heimilisúrgangs skipt eftir hlutfallstölum, þ.e. sá eignarhluti sem viðkomandi íbúðareigandi á í heildar húseigninni, sbr. lög um fjöleignarhús.

6. gr.

Gjöld skv. 3. gr. eru innheimt samhliða fasteignagjöldum. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar. Sorphirðugjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga. Sveitarfélagið annast innheimtu gjalda samkvæmt þessari gjaldskrá.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar á 840. fundi, 6. desember 2023, með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 1705/2022.

*Mosfellsbæ, 6. desember 2023.*

**Regína Ásvaldsdóttir** bæjarstjóri.